

Fiskistofa
04-215

Ásreikningur 2017

Efnisyfirlit

	Bls.
Áritun ríkisendurskoðanda	2
Skýrsla og áritun stjórnenda	4
Yfirlit um afkomu ársins	5
Efnahagsreikningur	6
Sjóðstreymisyfirlit	7
Skýringar	8

Fiskistofa

kt. 660892-2069

Borgum við Norðurslóð, 600 Akureyri

Skýrsla og áritun stjórnenda

Fiskistofa er ríkisaðili í A-hluta sem heyrir undir atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið. Um starfsemi Fiskistofu gilda lög nr. 36/1992 um Fiskistofu, með síðari breytingum. Fiskistofa annast stjórnábyrgðir á sviði sjávarútvegsmála, lax- og silungsveldi, hvalveiða o.fl. Hlutverk Fiskistofu er jafnframt að safna upplýsingum um framangreinda málaflokka.

Á grundvelli laga um opinber fjármál nr. 123/2015 (LOF) var gerður stofnefnahagsreikningur 1. janúar 2017 sem byggir á ákvæðum laganna. M.a. leiddi það til að varanlegir rekstrarfjármunir voru eignfærðir og orlof skuldfært. Þar sem breytingar þessar hafa mikil áhrif á líði í rekstrar- og efnahagsreikningum hefur reikningsskilaráð A-hluta ríkissjóðs ákveðið að samanburðartölur við fyrra ár séu ekki birtar. Samanburður er í efnahagsreikningi við stofnefnahagsreikning 1. janúar 2017 sem gerður var á grundvelli hinna breyttu reikningskilareglna skv. LOF.

Á árinu 2017 var ársveltan kr. 1.005.029.577 og afkoma kr. 2.858.475. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 78.475.987 í árslok og eignir samtals nema kr. 288.729.752.

Það er álit okkar að ársreikningur 2017 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Fiskistofu í samræmi við lög um opinber fjármál og ársreikningalög.

Forstjóri og framkvæmdastjóri fjármálasviðs staðfesta ársreikning Fiskistofu fyrir árið 2017 með undirritun sinni.

Akureyri, 30. september 2018

Fiskistofustjóri



Deildarstjóri fjármála



Yfirlit um afkomu ársins 2017

	Skýr	2017
Tekjur samtals		
Framlög ríkissjóðs	3	884.381.635
Seld þjónusta	4	83.934.613
Aðrar tekjur	5	16.592.264
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	3	<u>19.416.065</u>
Tekjur samtals		1.004.324.577
Gjöld		
Laun og launatengd gjöld	6	737.865.798
Annar rekstrarkostnaður	7	244.005.657
Afskriftir	8	<u>19.416.065</u>
		1.001.287.520
Hagnaður (tap) fyrir fjármagnsliði		3.037.057
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)		
Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður		0
Vaxtagjöld, verðbætur og gengismunur		<u>(62.582)</u>
		(62.582)
Afkoma ársins		<u><u>2.974.475</u></u>

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins

Efnahagsreikningur 31. desember 2017

	Skýr	31.12.2017	Stofnefnahags- reikningur 1.1.2017
Eignir			
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	9		
Áhöld og búnaður		75.530.235	82.217.935
Fastafjármunir samtals		<u>75.530.235</u>	<u>82.217.935</u>
Veltufjármunir			
Viðskiptakröfur	10	6.142.899	15.975.799
Tengdir aðilar	11	203.944.676	116.555.344
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður	12	2.806.696	2.373.835
Handbært fé	13	406.611	836.926
Veltufjármunir samtals		<u>213.300.882</u>	<u>135.741.904</u>
Eignir samtals		<u>288.831.117</u>	<u>217.959.839</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé	14		
Hrein eign		78.591.987	14.696.032
Eigið fé samtals		<u>78.591.987</u>	<u>14.696.032</u>
Skuldir			
Tengdir aðilar	15	10.468.864	12.338.376
Viðskiptaskuldir	16	21.492.486	17.848.552
Ýmsar skammtímaskuldir	17	102.747.545	90.858.944
Frestun tekjufærslu fjárfestingaheimilda	18	75.530.235	82.217.935
		<u>210.239.130</u>	<u>203.263.807</u>
Skuldir samtals		<u>210.239.130</u>	<u>203.263.807</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>288.831.117</u>	<u>217.959.839</u>
Aðrar upplýsingar	19		

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings

Sjóðstreymisýfirlit ársins 2017

	Skýr	2017
Rekstrarhreyfingar		
Hreint veltufé frá rekstri:		
Afkoma ársins		2.974.475
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:		
Afskriftir	8	19.416.065
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára		(19.416.065)
		<u>2.974.475</u>
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:		
Viðskiptakröfur - aðrar skammtkröfur		9.400.039
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:		
Skammtímaskuldir		15.532.535
		<u>24.932.574</u>
Handbært fé frá rekstri		<u>27.907.049</u>
Fjárfestingahreyfingar		
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna		(13.433.365)
Söluverð varanlegra rekstrarfjármuna		715.000
		<u>(12.718.365)</u>
Fjármögnunarhreyfingar		
Ríkissjóður		
Tengdir aðilar		(28.337.364)
Fjárfestingaframlag		12.718.365
		<u>(15.618.999)</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé		
Handbært fé í byrjun árs		(430.315)
		<u>836.926</u>
Handbært fé í árslok		<u>406.611</u>

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisýfirlits

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Stofnefnahagsreikningur er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál, lög um ársreikninga og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkisins að teknu tilliti til ákvæða í IPSAS 33 um innleiðingu IPSAS, (International Public Sector Accounting Standards) auk reglugerðar um framsetningu og innihald ársreikninga, nr. 696/1996, eftir því sem við á. Gerð er hér grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Breytingum frá fyrri reikningsskilaaðferðum voru gerðar í Stofnefnahagsreikning 1/1 2017 og er gerð grein fyrir þeim hér á eftir.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum og skuldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í góðri reikningsskilavenju, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði staðals IPSAS 33, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

1.1 Breytingar á reikningsskilaaðferðum

Nokkur breyting verður á reikningsskilaaðferðum frá þeim sem giltu fyrir árið 2016. Reikningsskil skulu hér eftir alfarið vera á rekstrargrunni. Helstu breytingar að því er stofnefnahagsreikninginn og reikningsskil ársins 2017 varðar eru eignfærsla og afskrift varanlegra rekstrarfjármuna og eign- og skuldfærsla fyrirfram- og eftirágreidds kostnaðar.

Varanlegir rekstrarfjármunir eru eignfærðir í efnahagsreikningi og afskrifaðir á áætluðum notkunartíma. Varanlegir rekstrarfjármunir, sem keyptir voru fyrir 1.1 2017, eru færðir til eignar á upphaflegu kostnaðarverði að frádregnum afskriftum frá upphafsdegi notkunar til ársloka 2016. Varanlegir rekstrarfjármunir voru áður gjaldfærðir sem stofnkostnaður í rekstrarreikningi

Skuldbinding vegna orlofsréttar starfsmanna í árslok 2016, áfallin og gjaldfallin, er færð til skuldar í stofnefnahagsreikningi 1. janúar 2017 og yfir eigið fé. Áður var þessi skuldbinding ekki bókuð á tímabili, en gjaldfærsla átti sér stað á árinu eftir eða síðar við úttekt orlofsréttarins. Við gerð ársreiknings er áætlað mótframlag ríkissjóðs á móti orlofskuldbindingu 1/1 2017 og er sú áætlun færð yfir eigið fé.

Fjárheimildir vegna fjárfestinga í varanlegum rekstrarfjármunum og ætlað er að mæta kostnaði á síðari tímabilum eru skuldfærðar sem frestaðar tekjur, en ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með talið fjárfestingar, með framlögum. Við innfærslu varanlegra rekstrarfjármuna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárheimilda til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirði verði notað til endurfjárfestinga.

Ónotuð fjárfestingarheimild í árslok 2016 er í stofnefnahagsreikningi færð sem frestaðar tekjur og nýttist á móti fjárfestingum ársins 2017

1.2 Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt nema fyrir liggja atvik sem betur lýsir lokum viðskiotanna.

Fjárheimildir til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Tekjur vegna fjárheimilda til fjárfestinga eru færða til að mæta þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifsta, úreldingar eða sölutaps.

1.2 Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

Skýringar

1.3 Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir eru upphaflega færðar á kostnaðarverði.

Aðrar óefnislegar eignir með takmörkuðum líftíma eru síðar færðar á kostnaðarverði að frádreginni virðisrýrnun og niðurfærslum. Niðurfærslur eru gjaldfærðar línulega yfir líftíma eignarinnar í yfirliti um afkomu. Almenn er áætlaður nýtingartíma tölvehugbúnaðar sex til átta ár.

Óefnislegar eignir með ótakmarkaðan nýtingartíma eru ekki niðurfærðar en eru prófaðar a.m.k. árlega með tilliti til virðisrýrnunar.

Innlestur hagnaður og tap vegna ráðstöfunar óefnislegra eigna eru færður í yfirlit um afkomu á því tímabili þegar viðskiptin eiga sér stað.

Óefnislegar eignir með takmörkuðum líftíma eru skoðaðar a.m.k. árlega til að ákvarða hvort einhver vísbending sé um virðisrýrnun. Ef endurheimtanleg fjárhæð óefnislegrar eignar er lægri en bókfært verð hennar, er bókfært verð hennar fært í endurheimtanlega fjárhæð og virðisrýrnunartap fært. Tap vegna virðisrýrnunar er fært í yfirlit um afkomu.

1.4 Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum til ársloka 2016, eins og stofnunin hafi beitt ákvæðum ársreikningalaga um eignfærslu og afskriftir frá því kaup áttu sér stað. Liggja kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð í upphafi á gangvirði til tekna í yfirliti um afkomu, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörstigi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld og búnaður	3-10 ár
Farartæki	8-10 ár
Aðrar eignir	10 ár/óafskrifað

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Hagnaður og tap af sölu eigna er mismunur á söliverði og bókfærðu verði eigna á söludegi og er hluti af rekstrarhagnaði (-tapi). Vaxtagjöld af lánum sem tekin hafa verið til þess að fjármagna varanlega rekstrarfjármuni eru eignfærð á þeim tíma sem það tekur að Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

1.5 Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

1.5 Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

1.6 Tengdir aðilar

Tengdir aðilar eru aðrir ríkisaðilar í A-hluta.

Skýringar

2 Fjárhagsleg áhættustjórnun

Starfsemi stofnunarinnar hefur í för með sér margvíslega áhættu s.s. mótaðilaáhættu, áhrif breytinga á gengi erlendra gjaldmiðla og vaxtabreytinga. Áhættustjórnun beinist að aðgerðum til þess að draga úr þessum áhættuþáttum.

	2017
3 Framlög ríkissjóðs	
Fjárheimildir ársins.....	897.100.000
Fjárheimild flokkuð sem fjárfestingarheimild.....	(12.718.365)
Framlög ríkissjóðs.....	884.381.635
Tekjufærsla frestaðra tekna.....	19.416.065
	<u>903.797.700</u>
4 Seld þjónusta	
Sala á vöru og þjónustu.....	81.186.463
Ýmsar þjónustutekjur.....	2.073.850
Veitinga- og gistiþjónusta.....	674.300
	<u>83.934.613</u>
5 Aðrar tekjur	
Sala varanlegra rekstrarfjármuna.....	0
Vörusala II.....	900.000
Afnotagjöld.....	44.674
Kostnaðarhlutdeild.....	12.098.310
Framlög frá öðrum en ríkissjóði og gjafir.....	3.549.280
Ýmsar tekjur.....	0
	<u>16.592.264</u>
6 Laun og launatengd gjöld	
Dagvinnulaun.....	399.198.396
Ræsting.....	3.277.152
Aukagreiðslur.....	5.626.786
Yfirvinna.....	186.613.401
Orlof breyting.....	(738.379)
Launatengd gjöld.....	138.651.057
Starfsmannakostnaður.....	5.237.385
	<u>737.865.798</u>
Meðalfjöldi stóðugilda	65

Skýringar

2017

7 Annar kostnaður

Vörukaup

Bækur, ritföng, filmur o.þ.h. vörur.....	1.798.161
Byggingarvörur, almennar.....	24.121
Byggingarvörur, aðrar.....	84.750
Tæki og búnaður til innréttinga.....	9.353
Ýmis tæki og áhöld (ekki eignfærð).....	2.068.054
Varahlutir og viðhaldsvörur.....	616.710
Orkugjafar.....	5.740.504
Matvæli o.fl.....	8.011.266
Almennar rekstrarvörur.....	1.812.865
Vörukaup, almenn	<u>20.165.784</u>

Vörukaup sérgreind

Ýmsar sérgreindar vörur.....	114.245
Vörukaup, sérgreind	<u>114.245</u>

Fundir, námskeið, risna.....	4.395.127
Ferðir, upphald.....	47.748.716
Akstur.....	3.586.974
Sérfræðiþjónusta.....	26.878.129
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld.....	646.529
Auglýsingar og kynningarstarfsemi.....	2.144.307
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta.....	7.265.309
	<u>92.665.091</u>

Afnotagjöld.....	28.271.017
Leigugjöld.....	83.297.368
Notkun véla og flutningatækja.....	267.910
Verkkaup.....	6.451.854
Kostnaðarhlutdeild.....	11.549.530
Tryggingar, lögboðnar.....	742.020
Opinber gjöld.....	298.752
Tapaðar kröfur.....	155.117
Þjónusta II, bætur, tryggingar og opinber gjöld	<u>131.044.904</u>

Vörukaup I.....	4.435
Vörukaup II.....	11.198
	<u>15.633</u>

Annar kostnaður samtals	<u>244.005.657</u>
-------------------------	--------------------

8 Afskriftir

Áhöld, húsgögn, skrifstofuvélar o.þ.h.....	10.874.786
Farartæki og vélar.....	7.384.542
Aðrar eignir.....	248.742
Sölutap og úrehtar eignir.....	907.995
Afskriftir	<u>19.416.065</u>

Skýringar

	31.12.2017	1.1.2017
9 Varanlegir rekstrarfjármunir		
Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:		
Áhöld og búnaður.....	32.565.874	40.441.795
Farartæki og vélar.....	40.927.141	39.490.178
Aðrar eignir.....	2.037.220	2.285.962
	<u>75.530.235</u>	<u>82.217.935</u>

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í ársbyrjun 2017:

	Áhöld, tæki og búnaður	Farartæki og vélar	Aðrar eignir	Samtals
Staða 1/1 2017.....	59.845.553	60.847.690	3.391.881	124.085.124
Viðbætur á árinu.....	2.998.865	10.434.500	0	13.433.365
Selt og/eða niðurlagt á árinu.....	0	(4.424.225)	0	(4.424.225)
	<u>62.844.418</u>	<u>66.857.965</u>	<u>3.391.881</u>	<u>133.094.264</u>
Afskriftir 1/1 2017.....	19.403.758	21.357.512	1.105.919	41.867.189
Selt og/eða niðurlagt á árinu.....	0	(2.811.230)	0	(2.811.230)
Afskrift ársins.....	10.874.786	7.384.542	248.742	18.508.070
	<u>30.278.544</u>	<u>25.930.824</u>	<u>1.354.661</u>	<u>57.564.029</u>
Staða 31.12.2017.....	<u>32.565.874</u>	<u>40.927.141</u>	<u>2.037.220</u>	<u>75.530.235</u>
			31.12.2017	1.1.2017

10 Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur	6.142.899	15.975.799
- Niðurfærsla vegna tapsáhættu	0	0
	<u>6.142.899</u>	<u>15.975.799</u>

11 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

Viðskiptareikningar við ríkissjóð	141.098.786	116.118.908
Aðrir ríkisaðilar í A-hluta	1.924.410	436.436
Áætluð leiðrétting vegna orlofs skv. Stofnefnahagsreikningi 1/1 2017	60.921.480	0
	<u>203.944.676</u>	<u>116.555.344</u>

12 Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður

Fyrirframgreiddur kostnaður	2.806.696	2.373.835
	<u>2.806.696</u>	<u>2.373.835</u>

Skýringar

	31.12.2017	1.1.2017
13 Handbært fé		
Tékkareikningar	406.611	836.926
	<u>406.611</u>	<u>836.926</u>
14 Eigið fé		
Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum		
	Hrein elgn	
Jöfnuður 1.1. 2017	14.696.032	
Áætlað framlag vegna orlofs skv. Stofnefnahagsreikningi 1/1 2017	60.921.480	
Hagnaður/tap ársins	2.974.475	
Jöfnuður 31.12.2017	<u>78.591.987</u>	
15 Tengdir aðilar		
Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.		
Viðskiptareikningar við ríkisaðila A-hluta	10.468.864	12.338.376
	<u>10.468.864</u>	<u>12.338.376</u>
16 Viðskiptaskuldir		
Viðskiptaskuldir	21.492.486	17.848.552
	<u>21.492.486</u>	<u>17.848.552</u>
17 Ýmsar skammtímaskuldir		
Ógreitt orlof	60.183.101	60.921.480
Ógreidd laun	6.616.101	0
Önnur ógreidd gjöld	35.948.343	29.937.464
	<u>102.747.545</u>	<u>90.858.944</u>

18 Frestaðar tekjur

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með talið fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárheimilda til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestinga.

Frestaðar tekjur vegna fjárfestingaheimilda	75.530.235	82.217.935
	<u>75.530.235</u>	<u>82.217.935</u>

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga- heimildir	Samtals frestaðar tekjur
Staða 1.1.2017	82.217.935	0	82.217.935
Rekstrarfjárheimild flutt á fjárfestingaheimild ársins		12.718.365	12.718.365
Sala eigna	(705.000)	715.000	10.000
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	13.433.365	(13.433.365)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna	<u>(19.416.065)</u>	<u>0</u>	<u>(19.416.065)</u>
	<u>75.530.235</u>	<u>0</u>	<u>75.530.235</u>

Af frestuðum fjárheimildum munu 17,8 millj. kr. koma til tekna á árinu 2018.

Skýringar

19 Aðrar upplýsingar

Skuldbindandi samningar

Fiskistofa hefur gert nokkra skuldbindandi samninga um húsnæði til allt að ársloka 2025 og þjónustusamninga um rekstur og vörslu hugbúnaðarkerfa til næstu ára. Árlegar greiðslur vegna húsaleigu nema kr. 81,2 milljónum og vegna þjónustusamninga kr. 7,2 milljónum.

Veðsetningar

Engar veðsetningar hvíla á eignum stofnunarinnar þann 31.12.2017.

Veittar ábyrgðir

Stofnunin hefur ekki gengist í neinar ábyrgðir vegna þriðja aðila

Óefnislegar eignir

Vegna ákvæða í ársreikningalögum um að óheimilt sé að eignfæra áðurgjaldfærðar óefnislegar eignir eru óefnislegar eignir ekki færðar til eignar við innleiðingu á LOF.

Óefnislegar eignir stofnunarinnar felast í ýmsum hugbúnaði og lausnum þeim tengdum.